



Vestfirðastofa

Alþingi

Atvinnuveganefnd

sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Ísafirði 28. febrúar 2023

Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til laga um opinbert eftirlit Matvælastofnunar (samræming gjaldtökuheimilda), 540. mál.

Vestfirðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga ritar þessa umsögn.

Vísað er hér til IV. kafla frumvarpsins um breytingu á lögum um fiskeldi 71/2008.

Vestfirðastofa fer þess á leit við atvinnuveganefnd að metin verði áhrif frumvarpsins á starfsemi fiskeldisfyrirtækja og metið verði hver séu kostnaðaráhrif núverandi staðsetning starfstöðva Matvælastofnunar, en stærri hluti eldis laxfiska í sjókvíum er við Vestfirði sem er íjarri skrifstofu Matvælastofnunar á Selfossi.

Vestfirðastofa telur að aukning í umfang starfsemi atvinnulífs kalli á þá eðlilegu kröfu að starfstöðvar eftirlitsstofnana séu byggðar upp innan atvinnusvæða, í raun jafnist umfang sjókvíaeldis við nýja starfsemi sem byggð er frá grunni. Atvinnulíf og samfélög hafi kröfu um að gætt sé að jafnræði í aðgengi og veitingu þjónustu ríkisins en ferðakostnaði og öðrum kostnaði sé ekki velt yfir á fyrirtækin vegna staðsetningar miðlægar starfsemi.

Vísa má síðan til stefnu stjórnvalda um uppbyggingu opinberrar starfsemi utan höfuðborgarsvæðis. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar um segir um innlenda matvælaframleiðslu

Bls 13. Við viðjum búa þessari starfsemi samkeppnishæft umhverfi til að gera henni kleift að standa enn betur undir því föþætta hlutverki sem hún gegnir í íslensku samfélagi, meðal annars við að skapa atvinnu og byggðafestu,

Bls 41 um stefnu í byggðamálum.

- *Sett verður markmið um hlu fall opinberra starfa á landsbyggðinni.*
- *Stutt verður við starfsaðstöðu og klasasamstarf hins opinbera og einkaaðila á landsbyggðinni.*

Eins má vísa til Byggðaaætlunar 2022-2036 aðgerð B.06 *Staðarval ríkisstarfa*, að lögð sé áhersla á uppbyggingu starfsemi ríkisins utan höfuðborgarsvæðis.

Vestfirðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga áskilur sér svo rétt til að koma að umfjöllun um þingsályktunina síðari stigum.

f.h. Vestfirðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri